Ályktun um Breiðafjarðarferjuna Baldur

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði, 27. og 28. október 2026, skorar á innviðaráðherra að endurskoða skilyrði þess að Breiðafjarðarferjan Baldur sé nýtt sem varaskip fyrir Vestmannaeyjar og hvernig tryggð sé þjónusta við Flatey, þannig að ekki komi aftur upp sú staða sem varð sumarið 2026 þegar ferjan var tekin af Breiðafirði frá 8. júní til 23. júlí og nýtt sem aukaskip í siglingum milli lands og Vestmannaeyja. Ferjan gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngum um Breiðafjörð og er lífæð Flateyjar þar sem vatn, sorp og önnur aðföng eru flutt með ferjunni. Hafði það einnig alvarleg og neikvæð áhrif á alla ferðaþjónustu og fraktflutninga á Vestfjörðum, enda um að ræða háannatímabil ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum.

Greinargerð

Breiðafjarðarferjan Baldur siglir á milli Brjánslækjar og Stykkishólms með viðkomu í Flatey og flytur þangað öll aðföng. Yfir sumartímann er hún mikilvæg allri ferðaþjónustu á Vestfjörðum enda nýta ferðamenn ferjuna í ferð sinni um Vesturland og Snæfellsnes og áfram til Vestfjarða. Það hafði því alvarleg og neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á Vestfjörðum þegar ferjan var tekin úr siglingum á háannatíma ferðaþjónustunnar á svæðinu. Voru áhrifin sérstaklega alvarleg þar sem ferðamannatímabilið á Vestfjörðum er stutt.

Samkvæmt samningi ríkisins við Ferjuleiðir er Baldur skilgreindur sem varaskip fyrir ferjuna Herjólf sem siglir á milli lands og Vestmannaeyja. Hefur Baldur því ítrekað verið nýttur þegar Herjólfur hefur ekki siglt, m.a. vegna bilana og gegnir ferjan því mikilvægu hlutverki einnig fyrir Vestmannaeyjar. Það var þó í fyrsta skipti í sumar sem Baldur var nýttur til að sigla samhliða Herjólfi en ekki sem varaskip fyrir Herjólf.